

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid @althingi.is

Egilsstöðum, 12. desember 2014

**Efni:** Umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um nýtingu eyðijarða í ríkiseigu.

Skógrækt ríkisins hefur umsjón með um 60 jörðum og jarðarpörtum víða um land. Sumar voru gjafir til Skógræktar ríkisins og sumar keypti Skógræktin. Þær jarðir voru ekki í ríkiseigu áður. Nokkrar jarðir sem voru fyrir í eigu ríkisins fékk Skógræktin umsjón með skv. ákvörðun ráðuneytisins. Allar voru þessar jarðir komnar í eyði eða hefðbundinn búskapur að leggjast af þegar Skógræktin eignaðist þær. Allar eru þessar jarðir nú í notkun og teljast þjóðskógar. Þær eru sumar farnar að skila tekjum og þar með skapa atvinnu í viðkomandi sveitum. Skógrækt ríkisins telur eðlilegt að þessar jarðir verði áfram í hennar umsjá og þeim verði ekki ráðstafað til annarra nota.

Við hjá Skógrækt ríkisins þekkjum vel landkosti á ofangreindum eyðijörðum. Upp til hópa standast þær ekki kröfur sem nú eru gerðar til hefðbundinna búgreina. Oftast skortir undirlendi og því ekki hægt að rækta nægilega stór tún. Sumar eru landlitlar. Sumar eru afskekktar, í lélegu vegasambandi eða jafnvel í eyðibýggðum þar sem enginn vill búa. Þegar hefðbundinn landbúnaður fólst í sjálfsþurftarbúskap með 20 ær, eina kú og lágmarks heyöflun voru þessar jarðir byggilegar. Sumar þóttu jafnvel kostajarðir því á þeim var birkikjarr sem hægt var að beita að vetrarlagi. Slíkt nægir ekki lengur. Svipað á við um flestar aðrar eyðijarðir í eigu ríkisins. Það er ástæða fyrir því að þær fóru í eyði: Þær eru fæstar vel byggilegar miðað við nútíma kröfur hefðbundinna búgreina.

Skógrækt getur verið hluti af lausn í þessum efnum. Reynslan sýnir að eyðijarðir geta hentað ágætlega til skógræktar þótt þær henti illa til kvikfjárræktar vegna skorts á undirlendi. Skógar vaxa vel í brekkum og þeir krefjast ekki heilsárs búsetu. Með tímanum skapa þeir atvinnu við allt það sem tengist framleiðsluskógrækt; skógarhögg, vegagerð, flutninga og úrvinnslu afurða. Starfsemi tengd skógrækt skapar atvinnu í viðkomandi sveit óháð eignarhaldi eða búsetu á viðkomandi jörð. Því ætti ekki að útiloka það að nýta eyðijarðir í eigu ríkisins til skógræktar í meira mæli en nú er gert, t.d. með því að fela Skógrækt ríkisins umsjón með þeim sem best henta til skógræktar.

Skógrækt ríkisins tekur undir þá meginhugsun tillögunnar að nýta beri betur þær eyðijarðir ríkisins sem nú eru í takmarkaðri eða engri notkun. Skógrækt er ein tegund landnotkunar sem þar ætti að koma sterklega til greina.

F.h. Skógræktar ríkisins



---

Þröstur Eysteinnsson  
Sviðsstjóri þjóðskóganna